

# GJALDSKRÁ

## fyrir Keflavíkurlflugvöll.

### 1. Gildissvið.

1.1 Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot loftfara í millilandaflugi af Keflavíkurlflugvelli.

### 2. Lendingargjald.

2.1 Fyrir hverja skráða landingu loftfars skal greiða gjald samsvarandi USD 6.40 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess. Lágmarkslendingargjald skal vera samsvarandi USD 79.20, þó með þeim fyrirvara að umrætt lágmarksgjald gildi aðeins fyrir loftför sem eru 5.700 kg að þyngd eða þyngri.

### 3. Stæðisgjald.

3.1 Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.

3.2 Fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af skal greitt stæðisgjald samsvarandi USD 0.45 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga loftfarsins.

### 3. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá landingar- og stæðisgjöldum:

4.1 Loftför í sjúkraflugi, eða leitar- og björgunarflugi.

4.2 Loftför sem verði að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.

4.3 Loftför í áætlunarflugi sem lenda eftir að hafa farið í prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.

4.4 Loftför sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.

4.5 Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.

4.6 Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður landingar- og stæðisgjöld þegar sérstaklega stendur á.

### 5. Þjónustugjald.

5.1 Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum samkvæmt gjaldskrá staðfestri af utanríkisráðuneytinu.

5.2 Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn skal það greitt til félags sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför.

### 6. Almenn ákvæði.

6.1 Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksflugtakþunga þess, eins og hann er skráður í lofthæfnisskírteinið.

6.2 Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu staðgreiddast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest, sé sérstaklega um það samið. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugvallarstjóra heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.

### 7. Gildistaka.

7.1 Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964, og tekur gildi 1. maí 1988. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 293, 25. maí 1987.

*Utanríkisráðuneytið, 18. mars 1988.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Hannes Hafstein.*